

Fundarstaður: Flóaskóli
Fundardagur: 24.05.2012
Fundartími: 20:00 – 21:30.
Fundarmenn: Elín Höskuldsdóttir formaður
Steindór Guðmundsson ritari
Halla Reynisdóttir
Stefanía Geirsdóttir
Einar Haraldsson
Áheyrnarfulltrúar:
Kristín Sigurðardóttir skólastjóri Flóaskóla
Karen Viðarsdóttir leikskólastjóri Krakkaborgar
Þórdís Bjarnadóttir fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar
Ágúst Ólafsson fulltrúi foreldraráðs Krakkaborgar
Alda Stefánsdóttir fulltrúi kennara Flóaskóla
Pia Rita Simone Schmauder fulltrúi foreldra Flóaskóla

Elín Höskuldsdóttir setti fundinn.

1. Skólagangan 2012-2013

Fræðslunefnd staðfestir Skólagönguna 2012-2013.

2. Erindi frá Piu Ritu Schmauder og Brynjólfi Jóhannssyni í þremur liðum.

1. Hvaða skyldur hefur Flóaskóli gagnvart móðurmálskennslu barna sem eiga sér annað móðurmál en íslensku?
2. Nú er útlit fyrir að börn með þýsku að móðurmáli verði um 10 prósent nemenda innan örfárra ára í Flóaskóla. Er möguleiki á því að skólinn geti séð þeim fyrir kennslu í sínu móðurmáli, þýsku, strax á komandi skólaári?
3. Ef ekki, er það möguleiki í náninni framtíð?

Sérstök móðurmálskennsla, önnur en íslenska, er ekki lögbundin fyrir alla nemendur en æskilegt er að nemendur fái tækifæri til að rækta móðurmál sitt, t.d. sem valgrein eða í fjarnámi á unglingsstigi.

3. Krakkaborg

Skólanámskrá

Vinna við nýja skólanámskrá kynnt.

Deildarnámskrá

Vinna við nýja deildarnámskrá kynnt.

Handbók sérkennslu

Vinna við handbók sérkennslu kynnt.

Foreldrakönnun

Niðurstöður foreldrakönnunar kynntar.

Fréttir af skólastarfinu.

Í gær var vorhátíð og útskrift í leikskólanum þar sem var m.a. skrúðganga, skemmtiatriði og fleira skemmtilegt.

Leikskólinn fékk styrk upp á kr. 500.000 frá Sprotasjóði vegna verkefnisins “Við eigum öll leikinn saman.”

Nýverið barst leikskólanum glæsileg gjöf frá Jóhanni Helga og co. ehf. Vatnsholti sem eru 20 stólar og 20 fatahengi . Fræðslunefnd þakkar kærlega fyrir rausnarlega gjöf.

Fræðslunefnd leggur til að keypt verði borð og kennarastólar skv. meðfylgjandi fylgiskjali.

Stefnt er að því að halda námskeið fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla sem heitir “Hjartanærandi uppeldi” þann 17.ágúst 2012. Til að það sé mögulegt samþykkir fræðslunefnd að færa starfsmannafund Krakkaborgar frá 30.ágúst til 17.ágúst 2012 frá kl. 13:00. Skólastjóra falið að upplýsa foreldra um breytingu á fundartíma.

4. Flóaskóli

Starfsáætlun 2012-2013.

Starfsáætlun Flóaskóla lögð fram til staðfestingar. Fræðslunefnd staðfestir starfsáætlunina.

Árskýrsla skólastjóra fyrir 2011-2012.

Lögð fram til kynningar.

Könnun/skólavistun vegna 2012-2013.

Niðurstöður könnunar vegna skólavistunar vegna skólaársins 2012-2013 kynntar.

Fréttir af skólastarfinu.


Breytingar á starfsmannamálum kynntar.

Vordagar Flóaskóla kynntir.

4. Önnur mál

Fræðslunefnd leggur til að Guðmundur Freyr Sveinsson verði ráðinn skólastjóri við Flóaskóla frá 1.ágúst 2012 til 31.07.2013.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:30.


Stalla Ragnisdóttir
Þórdís Bjarnardóttir
Alda Stefánsdóttir
Ágúst Valgeir Ólafsson
Stefanía Þórunn
Stefanía Þórunn